



Sjálfsmat  
2019 - 2020

# Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:  
Eygló Illugadóttir,  
aðstoðarskólastjóri  
2019-2020

**Efnisyfirlit**

|  |    |
|--|----|
| Sjálfsmat veturinn 2019-2020 .....               | 2  |
| Árlegar kannanir og Skólapúlsinn .....           | 3  |
| Árleg foreldrakönnun .....                       | 3  |
| Niðurstöður úr foreldrakönnun .....              | 3  |
| Umbótaáætlun .....                               | 8  |
| Árleg nemendakönnun .....                        | 8  |
| Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk .....  | 8  |
| Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk ..... | 10 |
| Umbótaáætlun .....                               | 11 |
| Ungt fólk 2020 .....                             | 12 |
| Árleg starfsmannakönnun .....                    | 12 |
| Niðurstöður starfsmannakönnunar .....            | 12 |
| Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar .....           | 16 |
| Lesferill – lesfimiþróf .....                    | 17 |
| Þróunaráætlanir teyma .....                      | 18 |
| Þróunaráætlun LTÁ .....                          | 19 |
| Þróunaráætlun HOV .....                          | 0  |

## Sjálfsmat veturinn 2019-2020

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Í þessari skýrslu eru birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður kannana skólaársins 2019-2020. **Næsta skólaár 2020-2021 mun sjálfsmatsteymið hefja vinnu vetrarins á því að rifja upp umbótaráætlun upp úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir síðastliðið ár auk þess sem nýjar kannanir verða lagðar fyrir.**

Nýtt sjálfsmatsteymi tók til starfa í september 2019. Í því áttu sæti tveir fulltrúar starfsmanna og einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins var að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans.

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2022 á heimasíðu skólans

[http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/verkaaetlun\\_gh\\_2017\\_2020-6.-jun-2018.pdf](http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/verkaaetlun_gh_2017_2020-6.-jun-2018.pdf) er hægt að sjá áætlun um framkvæmd mats Grunnskóla Hornafjarðar.

Skólinn nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem skólinn fær í gegnum Skólapúlsinn, nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir, og að gera umbótaáætlanir fyrir þá þætti sem þurfa þykir samkvæmt niðurstöðum.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir veturinn 2019-2020. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir þar sem sjálfsmatsteymið kynnti niðurstöður Skólapúls kannananna fyrir starfsfólk skólans auk þess sem teymið hittist reglulega til að rýna í niðurstöður kannananna.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins. Nemendur í 1.-5. bekk svara stuttri könnun um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu árlegri nemendakönnun.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins.

## Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru lagðar fyrir árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Grunnskóli Hornafjarðar notast við sjálfsmatskannanir Skólapúlsins. Nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir voru lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Kannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk eins og fyrri ár. Nemendur í 1.-5. bekk svöruðu könnun Skólapúlsins sem mældi ánægju af lestri og líðan í skólanum. Foreldrar 104 barna tóku þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins og allt starfsfólk skólans tók starfsmannakönnun Skólapúlsins. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar sem mörg sveitarfélög nýta þ.á.m. Sveitarfélagið Hornafjörður. Vefkerfið heldur m.a. utan um ýmsar upplýsingar tengdar rekstri skólans og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á heimasíðu grunnskólans er hægt að lesa skýrslur með niðurstöðum kannana Skólapúlsins <http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>

Umfjöllun um niðurstöður allra kannanna má sjá hér fyrir neðan.

## Árleg foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins lögð fyrir foreldra í febrúar 2020. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr skólum af öllu landinu. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 117 barna sem fengu boð til að taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskóla Hornafjarðar var 88,9% en 104 foreldrar svöruðu könnuninni. Foreldrakönnuninni var skipt upp í fimm hluta *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

## Niðurstöður úr foreldrakönnun

Eftirfarandi eru niðurstöður úr foreldrakönnun vetrarins.

## 1. Nám og kennsla

| Matsþættir ↑↓  | Niðurstaða | N                  | Breyting | Landið | N                     | Mismunur |
|--|------------|--------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum       | 5,2        | 102                | -0,3     | 5,2    | 2.573                 | 0,0      |
| 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans                | 93,8%      | 91 <sub>/97</sub>  | 0,7%     | 92,5%  | 2236 <sub>/2405</sub> | 1,3%     |
| 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra | 81,0%      | 81 <sub>/100</sub> | -3,5%    | 85,3%  | 2150 <sub>/2506</sub> | -4,3%    |
| 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra           | 62,1%      | 59 <sub>/95</sub>  | -17,9%   | 72,6%  | 1794 <sub>/2397</sub> | -10,5%*  |

Foreldrar eru ánægðir með nám og kennslu í skólanum og eru þar landsmeðaltali, þeir eru heldur ánægðari með stjórnun skólans en aðrir foreldrar á landinu. Þegar spurt er um hvort námsefnið sé hæfilega þyngt er breyting frá í fyrra og er sú niðurstaða 4,3 % lægri en á landinu. Mikill munur er í vetur hvort foreldrum finnst aginn í skólanum vera hæfilegur en þar höfum við lækkað um tæp 18% á milli ára og erum við marktækt undir landsmeðaltali.

## 2. Velferð nemenda

| Matsþættir ↑↓  | Niðurstaða | N                  | Breyting | Landið | N                     | Mismunur |
|--|------------|--------------------|----------|--------|-----------------------|----------|
| 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur        | 4,6        | 96                 | -0,2     | 5,0    | 2.470                 | -0,4     |
| 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda      | 93,8%      | 90 <sub>/96</sub>  | 1,8%     | 88,7%  | 2207 <sub>/2455</sub> | 5,1%     |
| 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt             | 97,0%      | 97 <sub>/100</sub> | 0,9%     | 91,5%  | 2386 <sub>/2583</sub> | 5,5%     |
| 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt       | 96,0%      | 97 <sub>/101</sub> | -0,0%    | 90,6%  | 2360 <sub>/2569</sub> | 5,4%     |
| 2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt           | 94,0%      | 94 <sub>/100</sub> | -0,2%    | 90,3%  | 2316 <sub>/2540</sub> | 3,7%     |
| 2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra                   | 7,8%       | 8 <sub>/102</sub>  | 1,0%     | 8,9%   | 215 <sub>/2548</sub>  | -1,1%    |
| 2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum         | 60,0%      | 9 <sub>/15</sub>   | -25,7%   | 59,5%  | 216 <sub>/364</sub>   | 0,5%     |
| 2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum | 50,0%      | 8 <sub>/16</sub>   | -21,4%   | 55,2%  | 202 <sub>/357</sub>   | -5,2%    |
| 2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans                    | 79,3%      | 46 <sub>/58</sub>  | -4,2%    | 82,3%  | 1301 <sub>/1548</sub> | -3,0%    |
| 2.10. Meðaltímabil eineltis  | 1,8        | 16                 | 0,6      | 1,4    | 401                   | 0,4      |
| 2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað                  | -          | 16                 | -        | -      | -                     | -        |

Í þessum flokki eru foreldrar í Grunnskóla Hornafjarðar mun ánægðari en foreldrar í viðmiðunarskólunum og á það við um flesta þætti þó að við sjáum breytingu á milli ára. Foreldrar eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, líðan nemenda í skólanum og kennslustundum og líðan nemenda í frímínútum. Foreldrar telja að umfang eineltis sé lægra en á landinu, þeir eru ánægðir með úrvinnslu eineltismála en þar höfum við

lækkað um 25,7% á milli ára. Foreldrar eru ekki eins ánægðir á milli ára með hraða úrvinnslu skólans á eineltismálum þar er lækkun um 21,4% á milli ára og einnig höfum við lækkað á milli ára þegar spurt er um ánægju foreldra með eineltisáætlun skólans. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur hefur breyst á milli ára en þar erum við 0,4 undir landsmeðaltali.

### 3. Aðstaða og þjónusta

| Matsþættir ↑↓   | Niðurstaða | N      | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|---|------------|--------|----------|--------|-----------|----------|
| 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum                   | 5,6        | 101    | -0,4     | 5,5    | 2.533     | 0,1      |
| 3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu                     | 5,0        | 67     | -0,2     | 5,0    | 1.599     | 0,0      |
| 3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili     | 69,0%      | 69/100 | -4,8%    | 63,5%  | 1693/2508 | 5,5%     |
| 3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu | -          | 30     | -        | -      | -         | -        |
| 3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti                 | 79,8%      | 75/94  | -2,7%    | 76,3%  | 1800/2281 | 3,5%     |
| 3.6. Notkun á mötuneyti                                       | 96,1%      | 98/102 | 1,0%     | 91,3%  | 2369/2572 | 4,8%     |
| 3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti             | -          | -      | -        | -      | -         | -        |

Í þessum flokki eru foreldrar líka ánægir og erum við í og yfir landsmeðaltali í öllum þáttum þó breytingar hafi orðið á milli ára. Hér eru foreldrar ánægðir með aðstöðuna í skólanum og með tómsundabjónustu sem er í boði utan hefðbundins kennslutíma og einnig nota fleiri nemendur frístundaheimilið en annars staðar. Um það bil 96% nemenda hér nýta sér mötuneytið og eru það fleiri en á öðrum stöðum á landinu og eru foreldrar ánægðir með matinn.

## 4. Foreldrasamstarf

| Matsþættir ↑↓  | Niðurstaða | N      | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|--|------------|--------|----------|--------|-----------|----------|
| 4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi                              | 5,0        | 97     | -0,2     | 5,0    | 2.478     | 0,0      |
| 4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur                       | 57,6%      | 49/85  | -7,0%    | 62,0%  | 1418/2189 | -4,4%    |
| 4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina | 68,8%      | 44/64  | 5,6%     | 69,6%  | 1350/1895 | -0,8%    |
| 4.4. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar hafa áhrif á                   | -          | 77     | -        | -      | -         | -        |
| 4.5. Þættir í skólasterfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á       | -          | 69     | -        | -      | -         | -        |
| 4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal                                   | 96,0%      | 96/100 | -3,0%    | 95,0%  | 2361/2488 | 1,0%     |
| 4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali                     | -          | 101    | -        | -      | -         | -        |
| 4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum                | 64,0%      | 57/89  | 13,0%    | 59,7%  | 1318/2219 | 4,3%     |
| 4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra   | 91,6%      | 76/83  | 12,9%    | 88,4%  | 1806/2056 | 3,2%     |
| 4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans                              | 87,5%      | 84/96  | 7,3%     | 81,7%  | 1998/2448 | 5,8%     |
| 4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá                   | 81,4%      | 83/102 | -4,8%    | 75,6%  | 1957/2522 | 5,8%     |

Í þessum flokki eru foreldrar mun sáttari í mörgum þáttum en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Þeir eru ánægðari með síðasta foreldraviðtal, telja sig fá að taka þátt í námsáætlun með nemendum og finnst það mikilvægara en öðrum foreldrum á landinu. Ánægja er með heimasíðu skólans og foreldrar telja sig upplýstari um stefnu skólans og námskrá en á landsvísu. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi er á landsmeðaltali en þeir telja sig síður geta haft áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur og það sé síður leitað eftir tillögum frá þeim og tekið á móti ábendingum og þær séu teknar til greina.

## 5. Heimastuðningur

| Matsþættir ↑↓  | Niðurstaða | N      | Breyting | Landið | N         | Mismunur |
|--|------------|--------|----------|--------|-----------|----------|
| 5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna                          | 5,1        | 101    | -0,1     | 5,0    | 2.523     | 0,1      |
| 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu | 4,6        | 101    | -0,0     | 4,6    | 2.506     | 0,0      |
| 5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra                         | 83,0%      | 83/100 | 0,0%     | 76,9%  | 1693/2205 | 6,1%     |
| 5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám                     | 50,0%      | 48/96  | -1,0%    | 60,2%  | 1434/2388 | -10,2%*  |
| 5.5. Væntingar foreldra um háskólanám                            | 70,7%      | 53/75  | -4,9%    | 72,5%  | 1357/1848 | -1,8%    |
| 5.6. Væntingar foreldra um iðnnám                                | 17,3%      | 13/75  | 5,1%     | 15,1%  | 267/1848  | 2,2%     |

Foreldrar hér telja sig vera virka í námi barna sinna og nemendur vilji leita eftir þátttöku þeirra í náminu. Þeir telja að heimavinnan sé hæfileg en tíminn sem foreldrar aðstoða við heimanámið er marktækt minna en foreldrar annarsstaðar á landinu en þar munar 10,2%. Fleiri foreldrar hér gera ráð fyrir að barnið ljúki iðnnámi og grunnnámi á háskólastigi en framhaldsnámi í háskóla.

#### Opin svör

Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að börnum þeirra líður vel í skólanum og þau eigi í góð tengslum við umsjónarkennara og annað starfsfólk skólans. Þar kom fram ánægja með starfsfólk skólans og stjórnun hans og að foreldrar ættu góð og jákvæð samskipti við starfsmenn. Einnig kom fram að kennarar hér séu jákvæðir, faglegir og metnaðarfullir og fylgdu nemendum vel eftir og að starfsfólk sé almennt vakandi og umhugað um börnin og þeir upplifa jákvætt andrúmsloft í skólanum. Upplýsingaflæði frá skólanum er gott og ágætt aðgengi að kennurum og stuttar boðleiðir. Skólinn býður upp á góðar aðstæður til náms nemenda, þeir fá hvatningu og þeir geta nýtt áhugasvið sitt í ýmsum fögum. Að lokum kom einnig fram ánægja með smiðjur og aðstöðu í smiðjugreinum nemenda og Hafnarhitting.

Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar kom fram að foreldrum finnst að bæta megi aga og passa betur upp á samskipti nemenda, hvort sem er þeirra á milli eða við kennara og starfsfólk hvað varðar virðingu og kurteisí. Fjarlægja nemendur úr bekkjum sem trufla endalaust nemendur sem hafa hug á að læra. Það vantar upp á upplýsingar og fréttir úr öðrum fögum en hjá umsjónarkennara. Það mætti leyfa nemendum að prófa fjölbreyttar kennsluáferðir svo þeir finni sinn námsstíl og nota sjálfsmat mun oft en gert er, og auka samvinnu á milli aldursstiga. Kenna nemendum núvitund, hugleiðslu og heilsulæsi. Leggja áherslu á að auka lesskilning nemenda en ekki eins á leshraða. Að nemendur fái fleiri áskoranir í að standa sig í námi, þannig að þau verði stolt af því að standa sig í námi, vinum sínum og skólanum.

Foreldrum finnst að nemendur eigi að vinna heimanámið í skólanum, einnig kom fram að foreldrar vilja hafa heimanámið yfir alla vikuna ekki bara yfir helgi. Einnig kom fram að foreldrar vilja að kennarar láti fyrr vita ef eitthvað bregður útaf svo þeir geti fyrr gripið inn í málin, hvort sem er námslega eða félagslega.

Athugasemdir komu um matinn og matseðilinn og að hávaði sé í matsal. Þjóða þarf upp á afþreyingu í Kátakoti fyrir þá nemendur sem hafa ekki áhuga á íþróttum, fleiri leiktæki á skólalóðina. Foreldrar leggja til að símar séu alfarið bannaðir á skólatíma svo nemendur eigi betri samskipti sín á milli.

Að lokum kom fram að skólinn megi byrja seinna á morgnana og vera lengur fram á daginn, sumir foreldrar vilja vetrarfrí en aðrir ekki heldur lengra sumarfrí.

Það má alltaf gera betur, ekki sofna á verðinum, virðing og agi án nöldus.



Foreldrar eru beðnir um að greina frá því sem þeim þykir **vanta** á heimasíðu skólans.

Þar kom fram að þar mættu vera skýrari upplýsingar á síðunni, fleiri fréttir og dæmi um skemmtileg verkefni sem nemendur hafa unnið að eða tekið þátt í. Þar vantar einnig símanúmer Heppuskóla. Upplýsingar um stöðu náms barna miðað við námskrá.

### **Umbótaáætlun**

Starfsmenn skólans fóru yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins á sameiginlegum fundi í maí. Þegar á heildina er litið koma niðurstöðurnar vel út en nokkra þætti þarf að skoða frekar og er hægt að sjá niðurstöður í umbótaáætlun skólaársins 2019-2020. Við höldum áfram að vinna að eineltismálum og agamálum eins og áður í samvinnu við foreldra.

### **Árleg nemendakönnun**

Skólapúlsinn í 1.-5. bekk var lagður fyrir í maí að þessu sinni vegna covid19 en ekki í apríl eins og venjulega. Könnunin er með mynda- og talgervilsstuðningi fyrir nemendur. Í ár var einungis spurt um ánægju nemenda af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum. Nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 6. – 10. bekk var lögð fyrir nemendur í september, janúar og maí og þurfa allir nemendur í þessum bekkjum að taka þátt einu sinni yfir skólaárið. Skólinn fær niðurstöður með samanburði við landið í heild eftir hverja könnun og heildarniðurstöður yfir árið í byrjun júní. Nemendur eru spurðir um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi auk almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

### **Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk**

Í fyrravetur voru niðurstöður mjög mismunandi eftir bekkjum og brugðust umsjónakennarar og aðrir sem koma að þeim bekkjum eftir fund þar sem umbætur voru ræddar. Niðurstaðan er því heldur gleðileg því allir bekkir eru yfir landsmeðaltali á öllum þáttunum þremur og er heildarniðurstaðan marktækt yfir landsmeðaltali á öllum þáttum.

## 1. Ánægja af lestri

| Matsþættir ↑↓                | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|------------------------------|------------|-----|----------|--------|-------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri 1.b    | 5,6        | 30  | -0,6     | 5,2    | 423   | 0,4      |
| 1.2. Ánægja af lestri 2.b    | 5,5        | 19  | -0,1     | 5,4    | 461   | 0,1      |
| 1.3. Ánægja af lestri 3.b    | 5,0        | 21  | -0,1     | 4,8    | 478   | 0,2      |
| 1.4. Ánægja af lestri 4.b    | 4,8        | 21  | -0,5     | 4,5    | 491   | 0,3      |
| 1.5. Ánægja af lestri 5.b    | 4,7        | 17  | 0,2      | 4,2    | 519   | 0,5      |
| 1.6. Ánægja af lestri 1.-5.b | 5,2        | 108 | -0,1     | 4,8    | 2.398 | 0,4*     |

Allir bekkir eru yfir landsmeðaltali og er heildarniðurstaðan marktækt yfir landsmeðaltali.

## 2. Ánægja með skólann

| Matsþættir ↑↓                  | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|--------------------------------|------------|-----|----------|--------|-------|----------|
| 2.1. Ánægja með skólann 1.b    | 5,5        | 30  | -0,7     | 5,3    | 421   | 0,2      |
| 2.2. Ánægja með skólann 2.b    | 6,6        | 19  | 1,2      | 5,2    | 462   | 1,4*     |
| 2.3. Ánægja með skólann 3.b    | 4,8        | 21  | 0,3      | 4,7    | 477   | 0,1      |
| 2.4. Ánægja með skólann 4.b    | 4,6        | 21  | 0,2      | 4,5    | 490   | 0,1      |
| 2.5. Ánægja með skólann 5.b    | 4,9        | 17  | -0,0     | 4,6    | 518   | 0,3      |
| 2.6. Ánægja með skólann 1.-5.b | 5,3        | 108 | 0,3      | 4,9    | 2.394 | 0,4*     |

Allir bekkir eru yfir landsmeðaltali, en 2. bekkur er langt yfir landsmeðaltali og telst niðurstaðan frábær og marktæk. Heildarniðurstaðan er einnig marktækt yfir landsmeðaltali.

## 3. Velliðan í skólanum

| Matsþættir ↑↓                   | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|---------------------------------|------------|-----|----------|--------|-------|----------|
| 3.1. Velliðan í skólanum 1.b    | 5,5        | 30  | -1,0     | 5,0    | 420   | 0,5*     |
| 3.2. Velliðan í skólanum 2.b    | 6,3        | 19  | 1,4      | 5,3    | 462   | 1,0*     |
| 3.3. Velliðan í skólanum 3.b    | 5,7        | 21  | 0,7      | 5,0    | 477   | 0,7*     |
| 3.4. Velliðan í skólanum 4.b    | 5,3        | 21  | 1,3      | 4,9    | 491   | 0,4      |
| 3.5. Velliðan í skólanum 5.b    | 5,5        | 17  | -0,3     | 5,0    | 518   | 0,5      |
| 3.6. Velliðan í skólanum 1.-5.b | 5,7        | 108 | 0,4      | 5,0    | 2.394 | 0,7*     |

Nemendum í 1-5. bekk líður töluvert betur en almennt gerist og er marktækur munur á 1-3. bekk sem og heildarniðurstöðunni.

**Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk**

Eftirfarandi eru heildarniðurstöður úr nemendakönnun fyrir 6. – 10. bekk.

**1. Virkni nemenda í skólanum**

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 1.1. Ánægja af lestri              | 4,5        | 115 | 0,1      | 4,7    | 14.969 | -0,2     |
| 1.2. Þrautseigja í námi            | 4,6        | 119 | 0,1      | 4,8    | 15.011 | -0,2     |
| 1.3. Áhugi á stærðfræði            | 5,2        | 119 | 0,1      | 5,0    | 15.274 | 0,2      |
| 1.4. Ánægja af náttúrufræði        | 4,5        | 119 | -0,0     | 4,8    | 15.270 | -0,3*    |
| 1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi | 4,8        | 119 | -0,1     | 4,8    | 15.026 | 0,0      |
| 1.6. Trú á eigin námsgetu          | 4,6        | 119 | -0,0     | 4,7    | 15.263 | -0,1     |

Við höfum áfram unnið með þrautseigju í námi og trú á eigin getu og höfum við hækkað þó við séum enn aðeins undir landsmeðaltali en þó ekki marktækt eins og síðasta vetur. Áhugi á stærðfræði hefur farið upp á við en ánægja af náttúrufræði hefur dalað og mælist marktækt undir landsmeðaltali.

**2. Líðan og heilsa**

| Matsþættir ↑↓                              | Niðurstaða | N                  | Breyting | Landið | N                      | Mismunur |
|--|------------|--------------------|----------|--------|------------------------|----------|
| 2.1. Sjálfsálit                            | 4,6        | 119                | -0,1     | 4,5    | 14.993                 | 0,1      |
| 2.2. Stjórn á eigin lífi                   | 4,7        | 119                | -0,0     | 4,6    | 14.973                 | 0,1      |
| 2.3. Velliðan                              | 4,7        | 119                | -0,3     | 4,6    | 15.203                 | 0,1      |
| 2.4. Áhyggjur og stress - ástæður          | -          | 29                 | -        | -      | -                      | -        |
| 2.5. Einelti                               | 5,3        | 119                | -0,3     | 5,4    | 15.178                 | -0,1     |
| 2.6. Tíðni eineltis                        | 11,8%      | 14 <sub>/119</sub> | -2,8%    | 12,5%  | 1915 <sub>/15123</sub> | -0,7%    |
| 2.7. Staðir eineltis                       | -          | 13                 | -        | -      | -                      | -        |
| 2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar | 48,7%      | 58 <sub>/119</sub> | -6,0%    | 45,6%  | 6657 <sub>/14780</sub> | 3,1%     |
| 2.9. Hollt mataræði                        | 4,5        | 119                | -0,2     | 4,7    | 14.912                 | -0,2     |

Líðan og heilsa kemur betur út en oft áður en þar erum við yfir landsmeðaltali á öllum þáttum nema hollu mataræði en það mælist ekki marktækur munur. Loksins erum við undir landsmeðaltali með tíðni eineltis en það hefur verið markmið í lengri tíma.

### 3. Skóla- og bekkjarandi

| Matsþættir ↑↓                      | Niðurstaða | N   | Breyting | Landið | N      | Mismunur |
|------------------------------------|------------|-----|----------|--------|--------|----------|
| 3.1. Samsömun við nemendahópinn    | 4,9        | 118 | -        | 5,0    | 14.909 | -0,1     |
| 3.2. Samband nemenda við kennara   | 4,8        | 119 | -0,3     | 4,9    | 15.134 | -0,1     |
| 3.3. Agi í tímum                   | 4,4        | 119 | -0,5     | 4,9    | 15.129 | -0,5*    |
| 3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum | 5,4        | 119 | 0,3      | 5,1    | 15.102 | 0,3*     |
| 3.5. Tíðni leiðsagnarmats          | 5,5        | 119 | -        | 5,0    | 15.089 | 0,5*     |

Agi í tímum hefur lengi verið undir meðaltali en hækkaði síðastliðinn vetur en tekur aðra dýfu í ár og mælumst við marktækt undir landsmeðaltali þar. Við mælumst hinsvegar marktækt yfir landsmeðaltali á þáttunum virk þátttaka nemenda í tímum og á tíðni leiðsagnamats.

### 4. Opin svör

Nemendur eiga að lýsa því sem þeim finnst gott við skólann og eru þeir almennt ánægðir. Þeir eru ánægðir með kennarana og skólafélagana og á unglिंगastiginu eru þeir ánægðir með að fá að vera inni í frímínútum.

Einnig eiga þeir að lýsa því sem þeim finnst slæmt við skólann og þar kemur fram að þeim finnst maturinn ekki alltaf góður. Of fáir sófar á unglिंगastiginu og margir tala um að það mætti vera betri vinnufriður, það séu krakkar sem séu mjög truflandi.

### Umbótaáætlun

Starfsmenn skólans fara yfir niðurstöður nemendakannana Skólapúlsins þegar þær liggja fyrir strax eftir fyrstu könnunina sem lögð er í september. Síðastliðna vetur höfum við verið að reyna að bæta trú á eigin námsgetu, þrautseigju og dugnað marktækt en þar höfum við ekki verið að koma nægilega vel út en höfum hækkað örlítið. Loksins náðum við með mikilli vinnu að komast undir landsmeðaltal með tíðni á einelti en betur má ef duga skal. Líðan kom betur út en oft áður en aginn er það sem verður unnið með næsta vetur og höfum við þegar hafið þá vinnu.

## Ungt fólk 2020

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá lykiltölur úr könnuninni Ungt fólk 2020 sem nemendur tóku í febrúar 2020.



## Árleg starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsmenn í febrúar 2020. Skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

## Niðurstöður starfsmannakönnunar

Eftirfarandi eru niðurstöður úr starfsmannakönnun vetrarins.

## 1. Starfið

| Matsþættir ↑↓                    | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|----------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 1.1. Vinnuálag                   | 4,6        | 46 | -        | 4,8    | 2.473 | -0,2     |
| 1.2. Skýrleiki hlutverks         | 5,3        | 46 | -        | 4,9    | 2.469 | 0,4*     |
| 1.3. Ágreiningur um hlutverk     | 4,8        | 46 | -        | 4,9    | 2.474 | -0,1     |
| 1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi | 4,8        | 46 | -        | 5,2    | 2.473 | -0,4     |

Í könnuninni kemur fram að starfsmenn telja að vinnuálagið sé hóflegt og þeir viti til hvers ætlast er til af þeim og það er lítið um ágreining um hlutverk starfsmanna. En við erum undir landsmeðaltali þegar spurt er hvort starfsmenn upplifi jákvæðar áskoranir í starfi.

## 2. Starfsmenn

| Matsþættir ↑↓                        | Niðurstaða | N  | Breyting | Landið | N     | Mismunur |
|--------------------------------------|------------|----|----------|--------|-------|----------|
| 2.1. Leikni í starfi                 | 4,5        | 46 | -        | 5,0    | 2.451 | -0,5*    |
| 2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins | 5,1        | 46 | -        | 5,2    | 2.451 | -0,1     |
| 2.3. Skörun vinnu og einkalífs       | 5,0        | 46 | -        | 5,0    | 2.450 | 0,0      |

Starfsmenn voru spurðir um leikni í starfi og mælast þeir marktækt undir landsmeðaltali. Þeir eru ánægðir með vinnustaðinn og eru á landsmeðaltali þegar spurt er um skörun vinnu og einkalífs.

